



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Fífuborg

Starfsáætlun

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra um starfið skólaárið 2019 - 2020	3
2	Innra mat	8
3	Innra mat Ljósheima	10
4	Innra mat Álfheima	14
5	Innra mat Dvergheima	21
6	Innra mat Hulduheima	28
7	Ytra mat	33
8	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	34
9	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	36
9.1	Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna	36
9.2	Samstarf við Korpúlfa	37
10	Foreldrasamvinna	37
11	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	38
12	Fylgigögn	39
12.1	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	39
12.2	Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal	39
12.3	Fylgiskjal 3 – Matsgögn	39
12.4	Fylgiskjal 4 – Jafnréttisáætlun Fífuborgar	39



1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið skólaárið 2019 - 2020

Vaninn er í lok skólaársins að staldra við og líta yfir farinn veg og draga saman það sem hæst bar í starfsemi leikskólans á liðnu skólaári um leið og lögð eru drög að því næsta. Eftir óvanalegan vetur sökum verkfalls og heimsfaraldurs er mikilvægara að þakka fyrir allt sem vel hefur farið og einnig fyrir þá reynslu og þekkingu sem við höfum öðlast í gegnum þennan tíma.

Fordæmalausir tímar á liðnu skólaári höfðu mikil áhrif á leikskólastarfið. Fífaborgarsamfélagið þurfti að aðlaga sig að því sem almannavarnir lögðu til á tímum samkomubanns vegna COVID-19 og að fjarveru starfsmanna í stéttarfélaginu Eflingu vegna verkfalls í febrúar og mars. Skerða þurfti leikskólastarfið töluvert í ljósi aðstæðna og fresta þurfti ýmsum viðburðum, s.s. öskudagsballi, foreldravíku, ömmu og afakaffi, hópaslitum o.fl. Útskrift var með töluvert öðru sniði en áður.

Eftir þennan vetur er mér efst í huga þakklæti til samstarfsfólks míns sem staðið hefur vaktina í framlínunni síðustu mánuði. Þakkir fyrir að vera jákvætt, faglegt og lausnamiðað á tímum heimsfaraldurs. Aldrei fyrr hefur verið eins mikilvægt að vinna vel saman, þ.e. standa saman og hlúa hvert að öðru. Einnig er ég þakklát foreldrum í Fífaborg sem sýndu skerðingu leikskólastarfsins mikinn skilning og voru jákvæðir og styðjandi. Þar að auki er ég þakklát börnunum fyrir að vera dugleg að virða þær ströngu umgengnisreglur sem settar voru á tímum samkomubanns. Það má með sanni segja að þessir fordæmalausir tímar hafi styrkt okkur og aukið reynslu okkar og þekkingu. Stjórnendur leikskólans hafa þurft að vera með eindæmum lausnamiðaðir eftir að viðbragðsáætlun Almanna- og barnamála var virkjuð með það að leiðarljósi að tryggja öryggi og vellíðan allra barna leikskólans þrátt fyrir að þurfa að skerða vistun þeirra. Heilt yfir hefur skólahaldið gengið mjög vel hér í Fífaborg á tímum heimsfaraldurs, en hvorki starfsmenn né nemendur hafa veikst af COVID-19.

Það sem við lærðum á tímum samkomubanns vegna COVID-19

Sem fyrir segir hefur reynsla okkar og þekking aukist töluvert á tímum heimsfaraldurs. Við áttum meira af gæðastundum með hverju barni þar sem færri börn voru í húsi. Minna var um hegðunarvandamál hjá börnum og meira rými fyrir hvert og eitt þeirra. Hávaði var minni og færri leikföng í boði. Mikil málörvun var í gangi, aðallega í gegnum spil og elstu börnin kunna orðið að spila sjálf saman fjölbreytt spil með spilastokki. Auðveldara var að skapa gæðastundir með börnum sem þurfa á stuðningi að halda og með börnum með annað móðurmál en íslensku.

Eftir þessa reynslu höfum við velt því fyrir okkur hvort við gætum breytt skipulaginu hjá okkur hér í Fífaborg, t.d. tengt námsviðin enn þá betur saman, s.s. í gegnum Könnunaraðferðina sem við erum að festa í sessi í leikskólastarfinu. Einnig ætlum við að vera duglegri að fara í gegnum leikföngin og hafa



minna af þeim í boði og skipta þeim reglulega út. Eftir stendur að mörg börn blómstruðu við þessar aðstæður, þ.e. með meira rými og meiri tíma fyrir hvert og eitt barn. Við teljum að það hafi skipt sköpum fyrir börnin að við skildum geta haldið leikskólanum opnum og þá sérstaklega fyrir þau börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.

Framkvæmdir í leikskólanum

Það var mikið um framkvæmdir í leikskólanum á þessu skólaári. Lagður var hiti í gólfið á öllum deildum í miðju verkfalli og byrjun heimsfaraldursins hér á Íslandi. Óhjákvæmilega fylgir slíkum framkvæmdum alls konar tæki og búnaður sem tekur pláss og þurfti starfsfólk einnig að vera lausnamiðað í þessum aðstæðum. Framkvæmdirnar reyndu ekki síður á börnin sem gátu ekki fengið að koma á sína deild í umróti verkfalls heldur dvöldu við krefjandi aðstæður í miðjurými leikskólans.

Þar að auki voru framkvæmdir norðan megin á lóð Fífuborgar í maí. Þar voru lagðar gúmmíhellur á leiksvæðið og settur nýr kastali og ný leiktæki sem kallast Þúfur. Loka þurfti stóru svæði garðsins á meðan á þessum framkvæmdum stóð og þeim fylgdi einnig tæki og búnaður sem tók mikið pláss, s.s. hluta af bílastæðunum fyrir framan leikskólann. Foreldrar tóku öllum þessum framkvæmdum með jafnaðargeði og sýndu okkur mikinn skilning.

Fleiri framkvæmdir eru fyrirhugaðar í leikskólanum næsta skólaár. Þær verða gerðar til þess að bæta starfsmannaaðstöðu leikskólans. Starfsmannrýmið verður fært í viðbyggingu hans þar sem Ljósheimar eru í dag. Útbúin verður ný deild þar sem starfsmannaaðstaðan er núna, en hún verður töluvert minni en þær deildir sem fyrir eru og þarf mjög líklega að fækka börnum eitthvað í húsinu. Verið er að leggja lokahönd á teikningar en ekki er komin dagsetning á hvenær framkvæmdir hefjast. Þessar framkvæmdir koma í framhaldi af því að Vinnueftirlitið gerði athugasemd við vinnu- og salernisaðstöðu starfsmanna í Fífuborg. Gámur með salernis- og vinnuaðstöðu var settur niður við hliðina á leikskólanum til bráðabirgða. Einnig stendur til að bæta hljóðvistina á deildum leikskólans en ekki er komin dagsetning á hvenær þær framkvæmdir hefjast.

ERASMUS+ samstarf

Fífuborg var í fjögur ár í samstarfi við Fachakademie für Sozialpädagogik Seligenthal í Landshut í Bæjaralandi í Þýskalandi. Það samstarf var í gegnum ERASMUS+, s.e. menntaáætlun Evrópusambandsins og er ætlað að stuðla að auknu samstarfi meðal háskóla í Evrópu, styrkja Evrópu sem þekkingarsamfélag og styðja við mótun á samevrópsku, nútímavæddu háskólasamfélagi. Á hverju ári komu til okkar tveir til þrír leikskólakennaranemar í fjórar vikur. Einnig hafa sjö leikskólakennarar frá okkur heimsótt skólann þeirra í Landshut. Því samstarfi lauk á síðasta ári.



Þetta skólaárið byrjuðum við ERASMUS+ samstarf við Eugen-Kaiser-Schule í Klein-Auheim í Hessen í Þýskalandi. Við fengum einn frábæran nema frá þeim í fimm vikur í nóvember og desember 2019. Við höfum virkilega góða reynslu af ERASMUS+ samstarfinu og nemarnir sem við höfum fengið til okkar hafa verið mjög áhugasamir, staðið sig vel og verið góð viðbót í starfsmannahópinn.

Starfsmannamál

Ýmsar breytingar hafa átt sér stað í starfsmannmálum Fífuborgar á þessu skólaári. Leikskólastjóri til margra ára lét af störfum í byrjun janúar 2020 og aðstoðarleikskólastjóri Fífuborgar tók við af henni. Í byrjun júní tók einn af deildarstjórum Fífuborgar til margra ára við aðstoðarleikskólastjórastöðunni. Við þökkum fyrrverandi leikskólastjóra Fífuborgar innilega fyrir gott samstarf og óskum henni alls hins besta á komandi árum.

Grænfáninn

Leikskólinn Fífuborg fékk alþjóðlega viðurkenningu *Skóla á grænni grein* og grænfánann afhentan í fjórða sinn þann 17. janúar síðast liðinn. Viðurkenningin er fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu. Starfsfólk og börn hafa verið dugleg að nýta sér nærumhverfi leikskólans og náttúruna til fróðleiks, hreyfingar og leiks og hafa þannig lært að bera virðingu fyrir umhverfinu, gróðrinum og náttúrunni. Einnig hafa starfsfólk og börn verið dugleg að flokka sorp, s.s. lífrænan úrgang, pappír, pappa, plast, ál, o.fl. til endurvinnslu.

Ella endurvinnsludúkka hefur haft sitt að segja í þessu starfi en hún fer á milli deilda í leikskólanum og fræðir börnin um umhverfismennt. Leikskólinn fékk Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar árið 2019 fyrir verkefnið *Umhverfismennt – Ella endurvinnsludúkka*. Starfsfólk er duglegt að upplýsa foreldra um grænfánastarfið og það hvað Ella er að fræða börnin um hverju sinni í vikulegu fréttabréfi en einnig er sú vinna ávallt sýnileg, s.s. með skráningum á umræðum um umhverfismennt sem foreldrar geta skoðað. Það var Sigurlaug Arnardóttir, sérfræðingur hjá Landvernd sem veitti viðurkenninguna með pompi og prakt í garði leikskólans þar sem börn og starfsfólk leikskólans voru samankomin.

Þróunarstyrkur í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar

Fífuborg fékk úthlutaðan þróunarstyrk á síðasta ári í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þróunarverkefnið *Litlu könnuðirnir* hófst síðasta haust en hugmyndin er að festa Könnunaraðferðina í sessi með áherslu á það að efla bernskulæsi. Aðferðin eflir alla þætti læsis, sem er einn af lykilþáttum



Menntastefnu Reykjavíkur og ekki síst orðaforða þar sem börnunum gefst tækifæri til að endurtaka orð og frasa um viðfangsefni Könnunaraðferðinnar hverju sinni. Í raun eflir aðferðin alla aðra lykilþætti menntastefnunnar, s.e. félagsfærni, sjálfsefning, sköpun og heilbrigði þar sem unnið er út frá áhugasviði barnanna á fjölbreyttan hátt og því fléttað saman við þessa þætti, s.s. tónlist, leiklist, myndsköpun, hreyfingu o.fl.

Við byrjuðum á því að fá fræðslu um Könnunaraðferðina á skipulagsdegi í október 2019 og starfsmenn voru duglegir að lesa sér til um aðferðina í undirbúningi. Matsblöð fyrir ferlið í vinnunni með Könnunaraðferðina voru útbúin og markmið og leiðir varðandi vinnu með börnunum skilgreind. Í janúar fór hver deild í að finna viðfangsefni. Kveikjan að viðfangsefninu kom í öllum tilfellum frá börnunum, t.d. voru börnin á yngstu deildinni, Ljósheimum mjög upptekin af Krumma sem flögraði mikið í kringum leikskólann og það varð úr að viðfangsefnið þeirra varð *krummi*. Börnin á næst yngstu deildinni, Álfheimum fundu risastóra kónguló í glugganum á deildinni og þar með varð þeirra viðfangsefni *kónguló* til. Á næst elstu deildinni, Dvergheimum urðu börnin mjög áhugasöm um Grýlu fyrir jólin þegar þau voru að æfa sig að syngja Grýlukvæði fyrir foreldraskemmtun og það varð úr að *Grýla* varð viðfangsefnið þeirra. Kveikjan að viðfangsefni barnanna á elstu deildinni *verslun* var þemakassinn *Búðarleikur* sem börnin nota mikið í bland við holukubba og hefur verið mjög vinsæll.

Í janúar og febrúar var byrjað á því að safna í sarpinn og hugmyndavefur útbúinn og vinnan með aðferðina fór á fullt en vegna verkfalls Eflingarstarfsmanna og samkomubanns vegna COVID-19 tókst ekki að halda áfram með verkefnið.

Þrátt fyrir að ekki væri hægt að halda áfram með verkefnið, þá var ávinningurinn af því mikill á þeim stutta tíma sem við höfðum. Í fyrsta lagi þá jókst orðaforði barnanna töluvert í tenglum við viðfangsefnin. Þau lærðu ný hugtök, ný sönglög og lásu nýjar bækur. Áhugi þeirra var mikill og þekking þeirra á viðfangsefninu jókst þar sem heilmikið bættist við á hugmyndavefina sem gerðir voru með börnunum í upphafi verkefnisins. Þau náðu að þróa með sér ákveðna færni í samvinnu og lærðu að leita lausna sjálf. Verkefnið veitti börnunum þar að auki mikla gleði og ánægju.


Búið er að sækja um nýjan þróunarstyrk fyrir skólaárið 2020 – 2021 og er áskorunin að festa vinnu við Könnunaraðferðina í sessi í leikskólanum og þar með ná að vinna með alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur.

Að þessu skólaári loknu er mér efst í huga þakklæti fyrir frábært og lausnamiðað starfsfólk, áhugasöm börn og skilningsríka foreldra.

Myndir frá Erasmus+ samstarfsverkefninu 2019



Könnunaraðferðin vor 2020




2 Innra mat

Innra mat leikskólans Fífuborgar hefur verið unnið samkvæmt *Langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2018 – 2021* sem sett var fram í starfsáætlun leikskólans 2018 – 2019. Sú

endurmatsáætlun var byggð á niðurstöðum gagna starfsársins 2017 – 2018. Þar er gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Endurmat starfsfólks fór fram á deildarfundum og á skipulagsdögum. Börnin endurmatu nokkra þætti starfsins og fór það fram þannig að rætt var við þau í hóp þar sem þau voru spurð m.a. um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Matslistar sem stuðst hefur verið við eru heimagerðir listar um endurmat. (Sjá fylgiskjal 5, bls. 41) Þá hefur endurmatshringur Fífuborgar verið notaður.

Endurmatshringur Fífuborgar



Fífuborg fékk þróunarstyrk til að efla kunnáttu starfsmanna í Könnunaraðferðinni og vinna markvissara með hana í leikskólanum. Hún hefur því bæst við sem umbótaþáttur fyrir skólaárið 2019 – 2021 í langtímaáætlun um innra mat Fífuborgar 2018 – 2021. (Sjá bls. 9).

Langtímaáætlun um innra mat Fífaborgar 2018 – 2021

	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Stjórnun og rekstur			
Útivera/útivistardagar			
Hallsholt/útikennsla			
Haustþema/Vorþema			
Foreldrafundir			
Valsvæði og móttaka			
Læsi og samskipti			
Málörvun í leik	x		
Grænfáninn – lýðheilsa	x	x	x
Sjálfbærni og vísindi			
Ella endurvinnsla			
Fjölmennning			
Skráningar			
Desember og þrettándinn			
Könnunaraðferðin		x	x
Námskrá, aldurstengdar námskrár	x		
Ösku-, bolli-, sprengidag.			
Sköpun og menn. (litavíkur)			
Samstarf skóla/Korpúlfar			
Vínátta	x	x	x
Foreldravika			
Barn vikunnar			
Heilbrigði og vellíðan			
Hlutverk starfsm. í leik		x	x
Ömmu og afa kaffi			
Barnasáttmálinn			
Einingakubbar			
Könnunarleikur			
Þjóðhátíð			
Framkvæmd innra mats			



3 Innra mat Ljósheima

Þeir fjórir þættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2019-2020 eru Grænfáninn-lýðheilsa, vinátta, hlutverk starfsmanna í leik og könnunaraðferðin.

Grænfáninn-lýðheilsa

Þann 17.janúar 2020 fengum við Grænfánann afhentan í fjórða sinn. Þá höfðum við lokið vinnu með þemað lýðheilsa og vorum búnar að skila skýrslu varðandi það. Á skipulagsdegi í október 2019 valdi starfsmannahópurinn nýtt þema til að vinna með og varð þemað neysla og úrgangur fyrir valinu. Á skipulagsdegi í nóvember var farið betur yfir nýja þemað og hugmyndir að vinnu með það skráðar niður. Ætlunin var svo að hefja markvissa vinnu með þemað eftir áramót en lítið varð af því.

Í síðustu starfsáætlun settum við okkur það markmið að gera vinnuna með Ellu endurvinnsludúkkum markvissari en hún átti það til að gleymast. Við fundum nýjan stað til að geyma hana á þannig að hún



varð meira áberandi og við það urðum mun duglegri að nota hana þær vikur sem hún var hjá okkur fyrir áramót. Börnunum finnst mjög gaman þegar Ella kemur í heimsókn og hlusta vel á allt sem hún segir þeim um umhverfismál. Ella er svo búin að vera í sóttkví meiri partinn af þessu ári og verður gaman þegar hún fer að koma aftur til okkar.

Gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans voru nýttar til fræðslu um umhverfið og hversu gott það væri fyrir okkur að fara út og hreyfa okkur.

Vinátta

Okkur á Ljósheimum finnst mjög mikilvægt að öllum líði vel í leikskólanum, að allir séu öruggir og samskipti séu góð. Við erum allan veturinn að æfa okkur í að vera góðir félagar og að læra að sýna hvort öðru virðingu og umhyggju. Vináttu verkefni Barnaheilla/bangsinn Blær er gott hjálpartæki til að vinna með þessa þætti. Við notuðum Blæ bangsa mikið fyrir áramót. Þegar aðlögun var lokið og allir orðnir glaðir og kátir í leikskólanum byrjuðum við að vinna með Blæ. Hvert barn fékk sinn hjálparbangsa sem var síðan geymdur í hengi. Börnin gátu alltaf nálgast þá þar þegar þau vildu. Við hengdum upp myndir sem fylgja verkefninu og ræddum um hvað var að gerast á þeim. Börnin voru svo oft að skoða myndirnar og þá gripum við tækifærið og töluðum um myndina. Við vorum líka

aðeins farin að syngja lög sem tilheyra þessu verkefni, lesa bókina sem fylgir og prófa að nudda hvort annað. Eftir áramót var vinnan ekki eins markviss með þetta verkefni. Fyrst fóru litlu hjálparbangsarnir í geymslu vegna framkvæmda á deildinni og svo í sóttkví vegna Covid. Því varð verkefnið ekki eins sýnilegt þó áfram hafi hangið uppi myndir og Blær kom því sjaldnar í heimsókn. En alltaf héldum við áfram að ræða um mikilvægi góðra samskipta og er alveg nauðsynlegt að gera það jafnt og þétt yfir skólaárið.



Hlutverk starfsmanna í leik

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar þess er þörf. Deildarfundir eru oft nýttir til að ræða um leikinn og allt starfsfólk deildarinnar hefur lesið þróunarverkefnið *Samskipti og lýðræði* sem unnið var í



leikskólanum árin 2008–2011 og fjallar um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik. Markmiðið með að rýna enn betur í hlutverk starfsmanna í leiknum er að allt starfsfólk myndi öðlast betri skilning á leiknum og hvernig þeir geta stutt sem best við leik barnanna. Skólaárið 2019-2020 var ætlunin að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna en við náðum ekki að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi þennan þátt vegna verkfalls og Covid - 19 en þau munu færast yfir á næsta skólaár.

Könnunaraðferðin

Við á Ljósheimum ákváðum að byrja ekki að vinna með könnunaraðferðina fyrr en eftir áramót þar sem við vildum nota haustið í að börnin aðlöguðust vel, yrðu örugg og sátt og glöð í leikskólanum. Einnig vissum við að þau yrðu komin með betri málþroska eftir áramót og því færari um að taka þátt í umræðum um það efni sem við myndum velja að vinna með. Á deildarfundum eftir áramót ræddum við starfsfólkið um hvað gæti verið spennandi að prófa að vinna með þeim. Við ákváðum að taka Krumma fyrir en þá var mikið um að Krummar væru í og kringum garðinn okkar og voru börnin oft að spá í Krumma í útiveru. Við skrifuðum niður þau lög og bækur sem við mundum eftir að tengjast Krumma og ræddum um hvaða verkefni við gætum gert. Við ætluðum svo að skoða viðfangsefnið

betur og undirbúa það en svo kom verkfall og Covid og ekkert varð meira úr þessu. Á næsta skólaári munum við rifja könnunaraðferðina upp og vonandi byrja að vinna með hana eftir áramót.

Aldurstengd námskrá

Vinnu við aldurstengdar námskrár lauk vorið 2020. Þær eru komnar inn á heimasíðu leikskólans og hefur starfsfólk lesið yfir þær námskrár sem tilheyir þeirra deild. Aldurstengdu námskrárnar eru sýnilegar inni á deildum og auðvelt að grípa í þegar á að skipuleggja og meta starfið. Aldurstengdar námskrár eru sendar á foreldra á haustin áður en skipulagt starf byrjar.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Grænfaninn- Umhverfismennt	Að byrja að vinna markvisst með þemað neysla og úrgangur.	Rifja upp þemað með starfsfólki. Kynna þemað fyrir börnum og foreldrum.	Skólaárið 2020-2021	Deildarstjóri	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúrunni. Fræðist um umhverfismál s.s flokkun, endurvinnslu og matarsóun.
Vinátta	Að festa vináttuverkefni Barnaheilla enn frekar í sessi. Að vera duglegri að upplýsa foreldra um hvað Blær er að ræða við börnin.	Hengja upp myndir sem fylgja verkefninu og skipta þeim reglulega út. Tengja umræður um vináttu og félagsfærni myndunum og bangsanum Blæ. Lesa bækur og syngja lög sem fylgja verkefninu. Senda tölvupóst til foreldra hvað er verið að vinna með.	Skólaárið 2020-2021	Allt starfsfólk Ljósheima	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin eigi jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau þrói með sér samkennd og vináttu og getir leitað lausna í samskiptum við hvort annað. Að foreldrar þekki verkefnið og viti hvað er verið að ræða um hverju sinni.
Hlutverk starfsmanna í leik	Að starfsmenn efli sig í því að vita hvenær þeir eiga að taka þátt í leik barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig í hlé.	Að starfsfólk fari á málþing um frjálsan leik barna á skipulagsdegi. Starfsmenn leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við. t.d ef þörf er á að efla leikfærni barna.	Skólaárið 2020-2021	Allt starfsfólk Ljósheima	Á deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að börnin öðlist betri leikfærni og að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna og mynda tengsl við þau í gegnum leik.
Könnunaraðferðin	Að vinna markvisst með Könnunaraðferðin a sem eflir bernskulæsi, samskipti, samvinnu, lausnarleit og sköpun barna.	Að allt starfsfólk rifji upp könnunaraðferðina.	Skólaárið 2020-2021	Stjórnendur og deildarstjórar	Á skipulagsdögum og deildarfundum reglulega yfir skólaárið.	Að starfsfólk æfi sig í að vinna með könnunaraðferðina og styðji þannig við þekkingarleit barnanna. Að börnin fáist við verkefni sem vekja forvitni þeirra og hvetja þau til rannsókna, kannana og lausnaleita. Þau fái tækifæri til til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.
Aldurstengd námskrá	Að starfsfólk vinni eftir aldurstengdri námskrá í öllu starfi leikskólans. Að starfsfólk og foreldrar þekki námskrá leikskólans.	Að starfsfólk kynni sér aldurstengdu námskránnu. Aldurstengd námskrá kynnt fyrir foreldrum í haustbréfi sem kemur í stað foreldrafunda.	Haust 2020	Deildarstjórar	Skólaárið 2020-2021	Að aldurstengda námskráin sé notuð til að endurmeta starfið og til að fylgjast með hvort séum ekki að vinna með alla þætti í námskránni.



4 Innra mat Álfheima

Þeir fjórir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2019-2020 eru Grænfáni-lýðheilsa, hlutverk starfsmanna í leik, Könnunaraðferðin og Vinátta.

Grænfáni-lýðheilsa:

Við kláruðum vinnuna með þemað lýðheilsa haustið 2019 og fengum Grænfánann afhentan í fjórða sinn 17. janúar 2020. Nýtt þema *neysla og úrgangur* var valið á skipulagsdegi í október 2019. Á skipulagsdegi í nóvember 2019 var farið betur yfir nýja þemað og yfir hugmyndir að verkefnum en markviss vinna með þemað er ekki hafin. Fyrir áramót var Ella endurvinnsludúkka dugleg að koma í heimsókn eina viku í mánuði en hún er stuðningur okkar við grænfána verkefnið og fræðir börnin um umhverfismál. Við mundum yfirleitt eftir því að ná í Ellu þegar okkar vika var og hengdum á hurð deildarinnar að hún væri í heimsókn hjá okkur. Foreldrar fengu upplýsingar í fréttabréfi vikunnar hvað Ella hefði verið að fræða okkur um en það hefði mátt vera oftar.




Við nýttum okkur nánasta umhverfi leikskólans til að fara í gönguferðir og einnig grenndarsvæði



leikskólans til að æfa okkur að labba á mismunandi undirlagi. Það náðist ekki alltaf að vinna úr hverri gönguferð en í samverustund fyrir hádegismatinn var oft rætt um hvert börnin hefðu farið og hvað þau sáu. Í flestum gönguferðum voru teknar myndir sem settar voru á heimasíðu leikskólans og einnig var sagt frá gönguferðum í fréttabréfi vikunnar.

Eftir áramót var vinna með þennan þátt frekar stopul en það er samt margt sem er komið í veggina og við erum alltaf að ræða. Ella fór nánast í frí og gönguferðir voru mjög takmarkaðar vegna verkfalls og svo heimsfaraldar. Við settum ekki niður fræ né forræktað salat eins og við ætluðum okkur en börnin tóku mörg virkan þátt í að hreinsa beðin hér í leikskólanum og hjálpuðu til við að setja niður vor og sumarblóm. Börnin fundu grein af Ösp sem þau tóku með sér inn á deild og fylgdust með þegar ræturnar byrjuðu að



myndast og hjálpuðu til við að setja greinina í mold. Næsta vetur munum við halda áfram að vinna með þessa þætti og gera það sem við náðum ekki að gera sökum verkfalls og heimsfaraldar.

Hlutverk starfsmanna í leik:

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Deildarfundir eru oft nýttir til að ræða um leikinn og allt starfsfólk deildarinnar hefur lesið



þróunarverkefnið *Samskipti og lýðræði* sem unnið var í leikskólanum árin 2008–2011 og fjallar um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik. Markmiðið með að rýna enn betur í hlutverk starfsmanna í



leiknum er að allt starfsfólk myndi öðlast betri skilning á leiknum og hvernig þeir geta stutt sem best við leik barnanna. Skólaárið 2019-2020 var ætlunin að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna en við

náðum ekki að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi þennan þátt vegna Covid - 19 en þau munu færast yfir á skólaárið 2020-2021.

Könnunaraðferðin:

Vinna með könnunaraðferðina byrjaði vel en áður en við byrjuðum formlega á verkefninu fékk starfsfólk fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi hausti 2019. Eftir fræðsluna ræddi starfsfólkið saman um könnunaraðferðina og hvernig best væri að vinna með hana inn á deildinni. Við settum niður markmið og leiðir fyrir verkefnið, hvernig skráning ætti að fara fram og hvernig við myndum meta skráninguna og verkefnavinnuna.

Markmið og leiðir:

- Börnin öðlist þekkingu á efninu
- Auka orðaforða
- Auka samvinnu og félagsfærni

Skráning:

- Taka ljósmyndir og myndbönd
- Gera vef til að kanna þekkingu barnanna
- Skrá niður samræður
- Teikningar eftir börnin



Mat á skráningu og verkefnavinnu:

Nota þar til gerð matsblöð með spurningum til hliðsjónar í stundunum með börnunum.

- Tóku öll börnin virkan þátt?
- Var samvinna á milli barnanna?
- Höfðu börnin áhuga á efninu?
- Fengu börnin frekari þekkingu á viðfangsefninu?

Starfsfólk setti líka upp vef með spurningum sem þeir sáu fyrir sér að börnin myndu vilja fá svör við og einnig hvaða leiðir við færum til að auka þekkingu þeirra.

Viðfangsefni verkefnisins datt í hendurnar á okkur einn morguninn þegar stór könguló fannst í einum glugganum og var hún kveikjan af þemavinnu með börnum fædd 2017 og 2016. Það fyrsta sem við gerðum var að skoða köngulóna vel og vandlega. Börnin fylgdust með henni í



boxi og notuðu stækkunargler til að sjá hana enn betur. Þegar börnin voru búin að skoða köngulóna og virða hana fyrir sér í nokkra daga gerðum við vef til að skrá niður hvað börnin vissu um köngulær.



Næstu stundir fóru í að fræðast meira um köngulær. Börnin skoðuðu myndir og myndbönd af köngulóm. Skoðuðum hvernig þær búa til köngulóarvef og hvort allir vefirnir væru eins. Þau báru saman myndir af köngulóm og sáu að þær voru ekki allar eins og þau teiknuðu myndir af köngulóm. Börnin sungu mikið af lögum um köngulær. Eftir áramót dó köngulóin okkar og það urðu miklar umræður um af hverju hún dó en

börnin komust að þeirri niðurstöðu að hún hefði verið mjög gömul. Börnin fundu aðra

Skemmukönguló sem þau voru mjög ánægð með. Hún var sett í nýtt búr og var skoðuð hátt og lágt af börnunum og eftir nokkra daga var komin köngulóavefur og köngulóahreiddur inn í búrinu. Börnin skoðuðu hreiðrið og vorum viss um að það væru köngulóarbörn inn í því. Við skoðuðum myndir af köngulóahreiddum og hvernig væri inn í þeim og börnin bjuggu til köngulóarvef með



hreiðri í fyrir bangsaköngulóna okkar. Þegar börnin mættu einn morguninn og kíktu á köngulóna þá sáu þau að það voru komin fullt af litlum köngulóarbörnum. Þetta fannst börnunum mjög spennandi og vildu fá að skoða köngulóarbörnin aftur og aftur. Þrátt fyrir verkfall og öðruvísi aðstæður vegna



köngulær en þau gerðu í upphaf verkefnisins.

covid hélt verkefnið áfram að einhverju leyti og börnin höfðu alltaf áhuga á að skoða köngulær spá og spekúlera í þeim. Við náðum ekki að gera allt sem við settum upp með að gera t.d. hefðu upplýsingar til foreldra um verkefnið mátt vera meiri en það sem við gerðum skilaði sér vel til barnanna. Í lok verkefnisins teiknuðu þau aftur myndir af köngulóm og sást greinilega á teikningum þeirra að þau vissu meira um

Vinátta:

Vináttan og Blær bangsi áttu fastan sess í dagskipulagi deildarinnar fyrir áramót. Í samverustund einu sinni í viku kom Blær í heimsókn og ræddi við börnin um ýmis málefni í tengslum við vináttu og voru



myndir og gögn sem fylgja vináttuverkefninu nýtt. Það æxlaðist þannig á Álfheimum að það var einn starfsmaður sem sá að mestu um stundirnar og gekk það mjög vel. Við unnum yfirleitt með eitt til tvo spjöld í um tvær vikur og héngu spjöldin uppi á vegg þann tíma sem var verið að vinna með þau. Einnig var gott að grípa í spjöldin ef eitthvað kom

upp á sem við vildum ræða við börnin. Við hefðum mátt vera duglegri við það því börnin tengja svo vel við það sem er að gerast á myndunum sérstaklega þegar Blær bangsi ræða um það við þau.

Börnin voru líka byrjuð að benda hvort öðru á hvað Blær hefði verið að tala um ef einhver var að ruglast. Eftir áramót breyttist þetta mikið hjá okkur og má segja að Blær hafi farið í frí. Við mundum þó að grípa eitthvað aðeins í Blæ og hlusta á tónlistina og hafa slökunarstundir með nuddi sem fylgir verkefninu.

Við náðum ekki að finna hentuga leið til að geyma hjálparbangsana þannig að þeir væru aðgengilegir og sýnilegir fyrir börnin en hugmynd er að gera hengi með hólfum fyrir hvern bangsa. Það koma fram í fréttum vikunnar að Blær hefði komið í heimsókn og hvað hann hefði verið að spjalla við börnin en það hefði mátt vera markvissara og jafnvel senda foreldrum mynd af spjöldunum sem við vorum að vinna með hverju sinni.



Námskrá, aldurstengdar námskrár:

Vinnu við aldurstengdar námskrár lauk vorið 2020. Þær eru komnar inn á heimasíðu leikskólans og hefur starfsfólk lesið yfir þær námskrár sem tilheyir þeirra deild. Námskrárnar eru sýnilegar inni á deildum og auðvelt að grípa í þegar á að skipuleggja og meta starfið. Aldurstengdar námskrár eru sendar á foreldra á haustin áður en skipulagt starf byrjar.

Málörvun í leik:

Markmiðið var að útbúa skráningarblað þar sem starfsfólk myndu merkja við þegar þeir ættu í samskiptum við börn sem við vorum að huga sérstaklega að en ekki náðist að útbúa slíkt blað og því bætist það við sem umbótaþáttur. Þau börn sem þurfti að huga sérstakleg að voru rædd á deildarfundum þannig að starfsfólk var meðvitað um að eiga í samskiptum við þau t.d. í frjálsum leik.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Grænfáninn- Umhverfis- mennt	Að byrja að vinna markvisst með þemað neysla og úrgangur. Að gera úrvinnslu úr gönguferðum með börnunum í máli og myndum.	Að kynna nýtt þema fyrir börnum og foreldrum. Að fylla út markmiðssetningar -blað og byrja að vinna eftir því. Að börnin fái tækifæri til að deila upplifun sinni eftir gönguferð í máli og myndum. Að kennari skrái niður upplifun barnanna.	Sólaárið 2020 - 2021	Deildarstjóri	Á deildarfundum með stafrólki deildarinnar regluleg yfir árið. Munnlegt endurmat með börnum.	Að börnin fræðist m neyslu og úrgang. Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Að börnin fræðist um umhverfismál s.s af hverju notum við ekki mikið af sápu, af hverju flokkum við.
Vinátta	Að festa Vináttuverkefni Barnaheilla enn frekar í sessi. Að upplýsa foreldra um það sem Blær er að ræða við börnin. Að kenna börnum að lesa í tilfinningar annarra.	Hafa eina samverustund í viku fyrir Vináttuverkefnið. Nýta námsefnið um Blær til að tala um tilfinningar. Hengja upp myndir sem fylgja verkefninu til að vísa í þegar við á. Að útbúa stað fyrir hjálparbangsana þar sem þeir eru sýnilegir.	Skólaárið 2020- 2021	Allt starfsfólk	Á deildarfundum með stafrólki deildarinnar regluleg yfir árið. Munnlegt endurmat með börnum.	Að börnin læri góð samskipti. Að börn efla með sér góða félagsfærni. Að börn þrói með sér samkennd og vináttu. Að börnin geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað. Að foreldrar þekki verkefnið og viti hvað er verið að ræða hverju sinni. Að börnin hafi greiðan aðgang að sínum hjálparbangsa og geti sótt hann ef þau vilja.
Hlutverk starfsmanna í leik	Að starfsmenn eflist í því hvenær þeir eigi að taka þátt í leik. barnanna og hvenær þeir eiga að draga sig úr leiknum.	Að starfsfólk fari á málþing um frjálsan leik barna á skipulagsdegi. Að starfsmenn leiðbeini og taki þátt í leik barna þegar það á við t.d. til að efla leikfærni.	Skólaárið 2020- 2021	Stjórnendur og deildar- stjórar	Á deildarfundum með stafrólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að starfsfólk öðlist betri skilning á leiknum og hvernig megi efla leikfærni barna. Að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast í leiknum. Að börnin öðlist betri leikfærni.
Könnunar- aðferðin	Að vinna áfram með könnunaraðferðina þannig að hún festist enn frekar í sessi. Að upplýsa foreldra um framvindu verkefnisins.	Að starfsfólk noti fjölbreyttar aðferðir til að skrá niður vinnu barnanna.	Skólaárið 2020- 2021	Stjórnendur og deildar- stjórar	Á skipulagsdögum og deildarfundum með stafrólki reglulega yfir árið.	Að starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja við þekkingarleit barnanna. Að börnin fái verkefni sem vekja upp forvitni þeirra, hvetja þau til rannsókna, kannana og lausnaleyta. Að börnin fái tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Að foreldrar þekki þemað sem verið er að vinna með hverju sinni.



Málörvun í leik	Að útbúa skráningarblöð fyrir „taka 10“. Að starfsfólk noti skráningarblöð fyrir „taka 10“.	Að nota þar til gerð skráningarblöð til að skrá niður þegar starfsmaður „tekur 10“ með þeim börnum sem þurfa.	Haustið 2020	Deildarstjóri	Á deildarfundum með starfsfólki regluleg yfir árið.	Að starfsfólk þekki hvaða börnum þarf að huga sérstaklega að.
------------------------	--	---	--------------	---------------	---	---



5 Innra mat Dvergheima

Matsnefnd Fífaborgar ákvað að skoða þrjá þætti í starfinu fyrir skólaárið 2020-2021. Þeir eru:

- Grænfáninn, lýðheilsa
- Vinátta
- Hlutverk starfsmanna í leik
- Könnunaraðferðin

Grænfáninn lýðheilsa

Við kláruðum vinnuna með þemað lýðheilsa haustið 2019 og fengum Grænfánann afhentan í fjórða sinn við hátíðlega athöfn þann 17. janúar 2020. Nýtt þema, neysla og úrgangur, var valið í kosningu



starfsmanna á skipulagsdegi í október 2019. Á skipulagsdegi í nóvember 2019 var farið betur yfir nýja þemað og yfir hugmyndir að verkefnum en markviss vinna með þemað er ekki hafin. Fyrir áramót var Ella endurvinnsludúkkka dugleg að koma í heimsókn eina viku í mánuði en hún er stuðningur okkar við grænfána verkefnið og fræðir börnin um umhverfismál. Við mundum yfirlætt eftir því að ná í Ellu þegar okkar vika

var og hengdum á hurð deildarinnar að hún væri í heimsókn hjá okkur. Einnig útbjó kennari á deildinni mynd af Ellu og því sem hún fræðir börnin um og við náðum oft í myndirnar þegar við ræddum um umhverfismál í dagsins önn, t.d. að taka bara einu sinni sápu eða að skammta sér hæfilega á diskinn. Foreldrar fengu yfirlætt upplýsingar um fræðslu mánaðarins í fréttabréfi vikunnar.

Við nýttum okkur nánasta umhverfi leikskólans til að fara í gönguferðir og einnig grenndarsvæði hans til að æfa okkur að ganga á ójöfnu og stundum hálu undirlagi. Oft var gerð myndræn skráning úr gönguferðinni sem hengd var upp og nýttist til að miðla til foreldra, til upprifjunar og til málörvunar.



Eftir áramót var vinna með þennan þátt frekar stopul vegna verkfalls og samkomubanns. Ella fór í sóttvarnarfrí og gönguferðir voru mjög takmarkaðar. Við gátum þó farið í gönguferðir að heimilum barnanna (í næst elsta hópnum) og ræddum þá um að við eigum heima í ólíkum húsum og veltum

fyrir okkur til hvers það væru póstkassar á húsum og af hverju það væru götur og gangstéttar. Einnig ræddum við mikið um vorboðana: fuglasöng, meiri birtu, rigningu og ánamaðka, krókusa og páskaliljur og síðast en ekki síst brumið á trjánum. Við fórum út í garð og sáum að það eru þrjár ólíkar trjátegundir í garðinum okkar, birki, víðir og ösp. Við klipptum greinar af þeim og settum í vatn og „plötuðum“ þannig trén til að koma fyrr með brumið og laufblöðin. Það komu rætur á víðirinn og öspina og það fannst börnunum áhugavert. Næsta vetur munum við vonandi geta leyft Ellu að flakka á milli deilda og farið að vinna markvisst í nýja þemanu okkar.

Vinátta

Vináttuverkefnið gekk vel á Dvergheimum fram í janúar. Börnin fóru einu sinni í viku í Vináttustund í litlum hópum. Umræður tengdar spjöldunum gengu yfirleitt vel og börnin höfðu frá mörgu að segja.



Einnig nýttum við tónlist, leiki og slökun sem fylgir með námsefninu og þá spunnust oft umræður og vangaveltur. Við hengdum spjaldið sem unnið var með fyrir framan deildina og sáum oft börn og foreldra staldra við það og ræða saman. Börnin gripu gjarnan í bangsana í daglegu amstri og ef að einhverju barni leið ekki vel voru hin börnin dugleg að færa því hjálparbangsann til huggunar. Til að tengja Blæ betur við

daglegt starf voru útbúin lítil spjöld úr námsefninu sem hægt var að grípa í til upprifjunar þegar upp komu samskiptaerfiðleikar, það hjálpaði oft. Einnig var útbúinn vináttuveggur en þar voru útprentaðar myndir af börnunum saman í leik, gjarnan þegar þau voru að leika með öðrum börnum en þeim sem þau leika oftast við. Í fréttabréfi vikunnar til foreldra kom fram hvað unnið hafði verið með þá vikuna. Í verkfalli og samkomubanni þurftu hjálparbangsarnir og Blær að fara í sóttvarnarfrí. Það er til marks um hvað börnunum líkar verkefnið vel að þau lýstu því nokkrum sinnum yfir að þau söknuðu Blæs. Til að slá á söknuðinn sungum við lögin og rifjuðum upp hvernig góðir vinir eru.



Hlutverk starfsmanna í leik

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Deildarfundir eru oft nýttir til að ræða um leikinn og allt starfsfólk deildarinnar hefur lesið þróunarverkefnið *Samskipti og lýðræði* sem unnið var í leikskólanum árin 2008–2011 og fjallar um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik. Markmiðið með að rýna enn betur í hlutverk starfsmanna í leiknum er að allt starfsfólk myndi öðlast betri skilning á leiknum og hvernig þeir geta stutt sem best við leik barnanna. Til að ná þessu markmiði ákváðum við á Dvergheimum að hver kennari myndi gera skráningu á leik barna. Tveir af fjórum kennurum náðu að gera skráningu á leik barna og er óhætt að segja að þær hafi gefið góða og jafnvel nýja sýn á getu nokkurra barna á deildinni og hvernig starfsmenn gætu sem best stutt þau í leiknum. Vegna verkfalls og samkomubanns náðist ekki að vinna frekar markvisst að þessum þætti en við hlökkum til að halda áfram með þetta skólaárið 2020-2021.

Könnunaraðferðin

Vinna með könnunaraðferðina byrjaði vel en áður en við byrjuðum formlega á verkefninu fékk starfsfólk fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi haustið 2019. Eftir fræðsluna ræddi starfsfólkið saman um könnunaraðferðina og hvernig best væri að vinna með hana inn á deildinni. Við settum niður markmið og leiðir fyrir verkefnið, hvernig skráning ætti að fara fram og hvernig við myndum meta skráninguna og verkefnavinnuna.

Markmið og leiðir:

- Börnin öðlist þekkingu á efninu
- Auka orðaforða
- Auka samvinnu og félagsfærni

Skráning:

- Taka ljósmyndir og myndbönd
- Gera vef til að kanna þekkingu barnanna
- Skrá niður samræður
- Teikningar eftir börnin

Mat á skráningu og verkefnavinnu:

Nota þar til gerð matsblöð með spurningum til hliðsjónar í stundunum með börnunum.

- Tóku öll börnin virkan þátt?
- Var samvinna á milli barnanna?
- Höfðu börnin áhuga á efninu?



- Fengu börnin frekari þekkingu á viðfangsefninu?

Á Dvergheimum vaknað mikil áhugi hjá börnunum á Grýlu í kjölfarið á því að börnin voru að æfa sig í að syngja Grýlukvæði Jóhannesar úr Kötlum fyrir foreldraskemmtun. Búið var að ná í bókina Grýlusögu eftir Gunnar Karlsson sem var mjög vinsæl að skoða og láta lesa fyrir sig, oft á tíðum var slegist um bókina og mikið grátið ef einhver náði ekki bókinni. Miklar umræður sköpuðust og það sem börnin voru helst til ósamála um var hvort Grýla væri lifandi eða dauð. Kennara Dvergheima ákváðu að nýta þennan áhuga barna og út búa könnunarvef um hvað börnin vissu um Grýlu þar sem eftirfarandi kom fram: Hún er mamma jólasveinanna, Leppalúði er pabbi jólasveinanna, Leppalúði á heima hjá Grýlu, Grýla á jólakött, hún borðar óþekka krakka á jölunum, Grýla tók afa litla, á heima á fjöllum í húsum eða kannski helli, Grýla á poka sem hún setur á öxlina, hún er kræklótt og með klær, hún vill ekki góð börn, hún heyrir vel í krökkum og hún er dæinn því hún fékk ekki krakka að borða.



Í framhaldinu kviknaði hugmynd að búa til Grýluhelli í gluggaskoti á deildinni. Börnin gerðu eftirfarandi lista um hvað þyrfti að vera í Grýluhelli: Steinar, poki til að leika með, krydd til að krydda



krakkana, pottar – stórir, prik til að setja á öxlina, Rúm – kodd – sæng, trérúm, þak svo það komi ekki rigning og snjór í húsið hennar, stórt nef, eldhús til að leika með, Jólakötturinn, Jólasveinn, pott, stóran poka, eld, eld dót búið til úr rusli og mála það. Starfsmenn fundu til muni heima hjá sér og einnig var leitað til foreldra. Úr varð fínasti Grýluhellir þar sem börnin skemmtu sér vel í frjálsum leik. T.d. reyndu þau að bera hvort annað í strigapokanum en þegar það gekk ekki settu þau dúkkur í pokann. Einnig fengu nokkrar dúkkur að dúsa í pottinum og nokkur börn prófuðu að fara í pottinn. Sumum börnum leist þó ekkert á tröllskessuna Grýlu og vildu „bara“ vera góðar mömmur.

Byrjuð var vinna við annað verkefni um áttagana. Á vorönn læra börnin um fjölskyldur sínar og í framhaldi af því göngum við að heimilum barnanna og tökum mynd af þeim fyrir framan heimilin. Þannig læra börnin um ólík heimili og hús og hverfið sitt. Þessu tengt kviknaði hugmynd um að skoða áttagana betur, hvað er að finna í hverfinu okkar Grafarvogi? Markmiðið var að kynnast nærumhverfinu betur. Stefnt var að því að ræða við börnin um Grafarvögin, skrá niður í vef hvað þau þekktu, hvað þau vildu skoða betur og bæta svo við þekkingarvef þeirra. Þegar vinna við

verkefnið átti að fara af stað skall á verkfall og í beinu framhaldi var samkomubann. Því gafst ekki tími til að vinna verkefnið á vorönn 2020.

Aldurstengd námskrá:

Vinnu við aldstengdar námskrár lauk vorið 2020. Þær eru komnar inn á heimasíðu leikskólans og hefur starfsfólk lesið yfir þær námskrár sem tilheyra þeirra deild. Aldurstengdu námskrárnar eru sýnilegar inni á deildum og auðvelt að grípa í þegar á að skipuleggja og meta starfið. Aldurstengdar námskrár eru sendar á foreldra á haustin áður en skipulagt starf byrjar.

Málörvun í leik:

Nokkur markmið voru sett eins og t.d. að vera duglegri að vinna með tákn vikunnar og málshátt mánaðarins sem gekk ágætlega í samverustundum. Starfsmaður tók að sér að útbúa merkingar á hluti á tungumálum barnanna en ekki varð af því. Einnig var byrjað að hausti á að vinna markvisst með orðaforða í sögustundum en svo datt það upp fyrir. Mögulega spilar þar inn í að sögustundarhóparnir voru heldur stórir en ekki tókst að finna betri lausn á því þetta skólaárið.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Grænfáninn- Neysla og úrgangur	Að tengja Ellu endurvinnslu- dúkku betur við umræður með barnahópnum til að vinnan verði markvissari og sýnilegri fyrir börnunum.	Hafa mynd af Ellu endurvinnsludúkku sem er sýnileg börnum til að þau tengi umræður betur við hana.	Veturinn 2020 – 2021	Allir starfsmenn	a)Ræða á deildarfundum með starfsmönnum, hvernig gengur og hvað má betur fara b)Ræða við börnin um þeirra upplifun.	Að börnin læri að vera meðvituð um umhverfi sitt og öðlist virðingu gagnvart því .Fræðist um umhverfismál og hvað flokkun á sorpi og nýting matvæla er mikilvæg fyrir framtíð okkar.
Vinátta	Að við notum Blæ og vísu í hann í daglegu amstri þar sem árekstrar koma oft upp.	Að útbúa mynd af Blæ og því sem Blæ kennir okkur sem er sýnileg börnunum og auðvelt að grípa til í daglegu starfi.	Veturinn 2020 - 2021	Allir starfsmenn	Munnlegt endurmat með börnum og á deildarfundum með starfsmönnum um vor 2021.	Að börnin eigi jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau þrói með sér samkennd og vináttu og geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað.
Hlutverk starfsmanna í leik	Að efla börnin í frjálsum leik. Að geta betur aðstoðað þau börn sem eiga erfitt með að komast inn í leik og haldast í leik.	Að allir starfsmenn prófi að gera skráningu á leik barna og sjái þannig betur hvaða börn þurfa aðstoð og við hvað þau þurfa aðstoð.	Veturinn 2020 - 2021	Allir starfsmenn	Deildarfundir til að ræða hvernig gengur og hvað má bæta.	Að börnin öðlist betri leikfærni og að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna.
Könnunar- aðferðin	Að vinna markvisst með könnunar- aðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleit og sköpun barna.	Starfsfólk fái fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi. Starfsfólk læri að skrá niður vinnu barna.	Veturinn 2020- 2021	Stjórnendur og deildarstjórnar	Umræða á deildarfundum og starfsdögum reglulega yfir veturinn.	Starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja þekkingarleit barna. Börnin fái verkefni sem vekja áhuga þeirra og hvetja þau til að rannsaka, kanna og leita lausna. Að börnin fái tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragð.
Námskrá, deildar- námskrá	Að nýta þær í leik og starfi á deildinni.	Kynna fyrir starfsmönnum til þess að starf deildarinnar verði markvissara.	Veturinn 2020- 2021	Deildarstjóri	Ræða á deildarfundum/starfsdögum	Að deildarnámskráin sé notuð til að endurmeta starfið og til að fylgjast með hvort við séum ekki að vinna með alla þætti í námskránni.



Málörvun í leik	Að æfa markvissar tákn vikunnar og málshátt mánaðarins	Að muna eftir að rifja upp tákn vikunnar og málshátt mánaðarins reglulega í samverustundum.	Skólaárið 2020-2021.	Allir starfsmenn	Á deildarfundum með stafsfélki deildarinnar regluleg yfir árið.	Að efla börnin í að nota <i>Tákn með tali</i> og þau kynnist íslenskum málsháttum.
	Að vinna markvisst með lykilorð úr bókum í sögustundum.	Að breyta bókaorminum í orðaorm þar sem eitt orð er skráð úr hverri bók, það rætt og auðvelt er að rifja það upp.			Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2020.	
	Að gera tungumál allra barnanna á deildinni sýnilegt.	Að merkja hluti á deildinni með tungumálum barnanna á deildinni.				



6 Innra mat Hulduheima

Þeir fjórir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2019-2020 eru:

- Grænfáni-lýðheilsa
- hlutverk starfsmanna í leik
- Könnunaraðferðin
- Vinátta.

Grænfáninn - lýðheilsa

Við kláruðum vinnuna með þemað lýðheilsa haustið 2019 og fengu Grænfánann afhentan í fjórða sinn við hátíðlega athöfn þann 17. janúar 2020. Nýtt þema, neysla og úrgangur, var valið í kosningu starfsmanna á skipulagsdegi í október 2019. Á skipulagsdegi í nóvember 2019 var farið betur yfir nýja þemað og hugmyndir að verkefnum en markviss vinna með þemað er ekki hafin. Fyrir áramót var Ella endurvinnsludúkkugleg að koma í heimsókn, eina viku í mánuði en hún er stuðningur okkar við grænfánaverkefnið og fræðir börnin um umhverfismál. Við mundum yfirleitt eftir því að ná í Ellu þegar okkar vika var og hengdum á hurð deildarinnar að hún væri í heimsókn hjá okkur. Einnig útbjó kennari á deildinni mynd af Ellu og því sem hún fræðir börnin um. Við náðum oft í myndirnar þegar við ræddum um umhverfismál í dagsins önn, t.d. að taka bara einu sinni sápu eða að skammta sér hæfilega á diskinn. Foreldrar fengu yfirleitt upplýsingar um fræðslu mánaðarins í fréttabréfi vikunnar.



Eftir áramót var vinna með þennan þátt frekar stopul vegna verkfalls og samkomubanns. Ella fór í sóttvarnarfrí og gönguferðir voru mjög takmarkaðar. Við fórum þó í gönguferðir um nærumhverfið. Þar litu börnin í kringum sig, reyndu að finna munstur í umhverfinu og þrykktum á blað. (finna mynd) Við ræddum vorboðana, s.s. hvaða fuglar koma fyrst, brumið á trjánum, páskaliljur og krókusa. Við lásum einnig sögu um hvernig ánamaðkar

lifa í jörðinni og hvað þeir gera „Ævintýri Móa ánamaðks og félaga“ eftir Helgu Guðlaugsdóttur. Fylgdumst mikið með fuglunum í trjánum í garðinum þar sem þeir voru að leita að ánamöðkum fyrir sig og ungana sína. Næsta vetur mun Ella vonandi getað flakkað á milli deilda og við byrjað að vinna markvisst með nýja þemað okkar.

Vinátta


Vináttuverkefnið gekk vel á Hulduheimum fram í janúar. Börnin fóru í Vináttustund einu sinni í viku í litlum hópum. Umræður tengdar spjöldunum gengu yfirleitt vel og börnin höfðu frá mörgu að segja. Einnig nýttum við tónlist, leiki og slökun sem fylgir með námsefninu og þá spunnust oft umræður og vangaveltur. Börnin gripu oft bangsana þegar þau voru í leik til að hafa þá með í leiknum og ef að einhverju barni leið ekki vel voru hin börnin dugleg að færa því hjálparbangsann til huggunar. Við á Hulduheimum þurfum að gera vinnuna með vináttuna sýnilegri, hengja spjöldin upp fyrir framan deildina og einnig að upplýsa foreldra betur um það sem rætt er hverju sinni. Í verkfalli og samkomubanni þurftu hjálparbangsarnir og Blær að fara í sóttvarnarfrí. Það er til marks um hvað börnunum líkar verkefnið vel að þau spurðu stundum um Blæ.

Hlutverk starfsmanna í leik

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi að vera til staðar þar sem börn eru að leik og geta gripið inn í og stutt við leikinn þegar það á við. Markmiðið með að rýna enn betur í hlutverk starfsmanna í leiknum er að allt starfsfólk öðlist betri skilning á leiknum og hvernig þeir geti stutt sem best við leik barnanna. Skólaárið 2019-2020 var ætlunin að rýna betur í hlutverk starfsmanna í leik barnanna en við náðum ekki, vegna Covid-19, að vinna að þeim markmiðum sem við settum okkur varðandi þennan þátt. Þessi vinna mun færast yfir á skólaárið 2020-2021. Starfsfólk deildarinnar mun lesa þróunarverkefnið *Samskipti og lýðræði* sem unnið var í leikskólanum árin 2008–2011 og fjallar um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik. Markmiðið með að rýna enn betur í hlutverk starfsmanna í leiknum er að allt starfsfólk myndi öðlast betri skilning á leiknum og hvernig þeir geta stutt sem best við leik barnanna.

Könnunaraðferðin

Vinna með könnunaraðferðina byrjaði vel. Áður en við byrjuðum formlega á verkefninu fékk starfsfólk fræðslu um könnunaraðferðina á skipulagsdegi hausti 2019. Eftir fræðsluna ræddi starfsfólkið saman um þessa aðferð og hvernig best væri að vinna með hana inn á deildinni. Við settum niður markmið og leiðir fyrir verkefnið, hvernig skráning ætti að fara fram og hvernig við myndum meta skráninguna og verkefnavinnuna.



Markmið og leiðir:

- Að börnin öðlist þekkingu á efninu
- Auka orðaforða
- Auka samvinnu og félagsfærni

Skráning:

- Taka ljósmyndir og myndbönd
- Gera vef til að kanna þekkingu barnanna
- Skrá niður samræður
- Teikningar eftir börnin



Mat á skráningu og verkefnavinnu:

Nota þar til gerð matsblöð með spurningum til hliðsjónar í stundunum með börnunum.

- Tóku öll börnin virkan þátt?
- Var samvinna á milli barnanna?
- Höfðu börnin áhuga á efninu?
- Fengu börnin frekari þekkingu á viðfangsefninu?

Fyrir valinu á Hulduheimum varð hugtakið verslun. Kveikja að þessu vali er fengin úr þemakassanum „Búðarleikur“. Börnin nota kassann mikið og oftast í bland við holu- eða einingakubba. Mjög mismunandi er hvernig búðardótið er notað. Börnin byggja oftast einhvers konar aðstöðu fyrir dótið og raða því pent og huggulega í þar til gerðar hillur. Elstu börnin voru spennt fyrir því að fá útrunna, íslenska smámynt að láni hjá kennara. Stundum snýst allt um að ná í flottasta dótið, t.d. búðarkassann og lítið annað en hlutir á við og dreif um leiksvæðið. Við notum hópastarfstíma í þessa vinnu og elsta árgangnum var skipt í þrennt (alls 28 börn).

Börnin völdu eftirfarandi nöfn á hópana: Bangsahópur, Einhyrningahópur og Krókódílahópur. Vinnan var ekki endilega vikulega heldur af og til í allan vetur, alveg fram á vor. Stefnt var að því að nota afraksturinn sem lokaverkefni við útskrift. Í upphafi gerðum við einfalt hugarkort þar sem skráðar voru mismunandi tegundir verslana, s.s. gæludýrabúð, dótabúð, bókabúð, gleraugrabúð, húsgagnaverslun o.fl. Börnin teiknuðu myndir af verslun að eigin vali. Eftir það var ákveðið að velja eina ákveðna verslunartegund til að skoða betur. Kosningar fóru fram í öllum hópum og niðurstöður urðu eftirfarandi: Bangsahópur: bílasala, Einhyrningahópur: nammibúð, Krókódílahópur: ísbúð.

Eins og allir vita, runnu flest áform út í sandinn (v/covid19). Við höfum ekki farið í vettvangsferðir til að ræða við fólk í Gullnesti og BL á Sævarhöfða. Við vorum búin að hafa samband við þessi fyrirtæki og starfsfólk var mjög spennt fyrir að fá okkur í heimsókn. Enn er líka tækifæri til að vinna örlítið

meira með viðfangsefnið, t.d. að hóparnir útbúi spurningalista og kanni eitthvað sem tengist vali hópanna (s.s. litur bíla á heimili, uppáholdssælgæti, ístegund) og búa til súlurit svo eitthvað sé nefnt.

Námskrá, deildar-námskrá:

Vinnu við aldurstengdar námskrár lauk vorið 2020. Þær eru komnar inn á heimasíðu leikskólans og hefur starfsfólk lesið yfir þær námskrár sem tilheyrir þeirra deild. Aldurstengda námskráin er sýnilega inni á deildum og auðvelt að grípa í þegar á að skipuleggja og meta starfið. Aldurstengdar námskrár eru sendar á foreldra á haustin áður en skipulagt starf byrjar.

Málörvun í leik:

Markmiðið var að útbúa skráningarblað þar sem starfsfólk myndu merkja við þegar þeir ættu í samskiptum við börn sem við vorum að huga sérstaklega að en ekki náðist að útbúa slíkt blað og því bætist það við sem umbótaþáttur. Þau börn sem þurfti að huga sérstaklega að voru rædd á deildarfundum þannig að starfsfólk var meðvitað um að eiga í samskiptum við þau, t.d. í frjálsum leik.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðilar	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Grænfáninn- Lýðheilsa	Að tengja Ellu endurvinnslu- dúkku betur við umræður með barnahópnum til að vinnan verði markvissari og sýnilegri fyrir börnunum.	Hafa mynd af Ellu endurvinnsludúkku sem er sýnileg börnum til að þau tengi hana við umræðuna og rifjað upp hvað hefur verið rætt um hvert sinn.	Veturinn 2020 – 2021	Deildarstjóri	a)Ræða á deildarfundum með starfsmönnum, hvernig gengur og hvað má betur fara b)Ræða við börnin um þeirra upplifun.	Að börnin læri að vera meðvituð um umhverfi sitt og öðlist því virðingu fyrir því. Fræðist um umhverfismál og hvað flokkun á sorpi og nýting matvæla er mikilvæg fyrir framtíð okkar.
Vinátta	Að öll börn fái fræðslu og þjálfun í að vera góðir vinir með Vináttuverkefni Barnaheilla.	Að hengja upp á vegg spjöldin sem unnið er með hverju sinni þannig að þau verði sýnileg fyrir börn, starfsfólk og foreldra.	Veturinn 2020 – 2021	Allir starfsmenn	Munnlegt endurmat með börnum og á deildarfundum með starfsmönnum um vor 2021.	Að börnin eigi jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau þrói með sér samkennd og vináttu og geti leitað lausna í samskiptum við hvort annað. Að börn hafi aðgang að sínum hjálparbangsa og geti sótt hann þegar þeim hentar.
Hlutverk starfsmanna í leik	Að efla börnin í frjálsum leik.	Hafa leikfangalausa daga þar sem einungis opinn efniviður er í boði. Að starfsfólk fari á málþing um frjálstan leik barna á skipulagsdegi.	Veturinn 2020 – 2021	Stjórnendur og deildarstjórar	Deildarfundir til að ræða hvernig gengur og	Að börnin öðlist betri leikfærni og að starfsfólk læri að grípa tækifærin sem gefast til að styðja við leik barnanna og mynda



					hvað má bæta.	tengsl við þau í gegnum leik.
Könnunar-aðferðin	Að vinna markvist með könnunar-aðferðina sem eflir bernskulæsi, samvinnu, samskipti, lausnaleyti og sköpun barna.	Starfsfólk tileinki sér að skrá niður vinnu barna og gera það sýnilegt foreldrum og forráðamönnum barna.	Veturinn 2020 - 2021	Stjórnendur og deildarstjórar	Umræða á deildarfundum og starfsdögum reglulega yfir veturinn.	Starfsfólk vinni með könnunaraðferðina til að styðja þekkingarleit barna. Börnin fá verkefni sem vekja áhuga þeirra og hvetja þau til að rannsaka, kanna og leita lausna. Að börnin fá tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragð.
Námskrá, deildar-námskrá	Að nýta þær í leik og starfi á deildinni.	Kynna fyrir starfsmönnum til að auka virkni notkunar á námskrá og deildarnámskrá. Gera deildarnámskrá sýnilegri í öllu starfi á deildinni.	Veturinn 2019 – 2020	Deildarstjóri	Ræða á deildarfundum/starfsdögum	Að deildarnámskráin sé notuð til að endurmeta starfið og til að fylgjast með hvort við séum ekki að vinna með alla þætti í námskránni.
Málörvun í leik	Að starfsfólk noti skráningarblöð fyrir „taka 10“. Að nota <i>Tákn með tali</i>. Að vinna markvisst með lykilorð úr bókum. Að starfsmenn séu meðvitaðri um að setja orð á athafnir.	Að útbúa og nota þar til gerð skráningarblöð til að skrá niður þegar starfsmaður „tekur 10“ með þeim börnum sem þurfa. Að muna eftir að rifja upp tákn vikunnar reglulega í samverustundum. Að vera duglegri að skrá 1-2 orð í sögustund til að ræða, skrifa þau á blað og setja á vegg til að efla umræðu um orðin og rifja upp hvað þau merkja. Að búa til <i>Orðaorm</i> (eins og bókaormur) þar sem lykilorðum úr bókunum sem eru lesnar fyrir börnin er safnað saman. Að starfsmenn setji orð á athafnir til að börnin heyri stuttar og langar setningar um ýmsar daglegar athafnir þeirra s.s. „settu skóna þína í hilluna“, „ég sé að þú settir sjálf skóna þína í hilluna“.	Skólaárið 2020-2021.	Deildar-Stjóri.	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar regluleg yfir árið. Munnlegt endurmat með börnum og starfsmönnum vor 2020. Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir skólaárið 2019- 2020.	Að starfsfólk þekki hvaða börn þarf að huga sérstaklega að. Að efla börnin í að nota <i>Tákn með tali</i>. Að efla orðaforða barnanna.



7 Ytra mat

Könnun á vegum Reykjavíkurborgar

Starfsmannakönnun á vegum Reykjavíkurborgar 2020

Í vetur var send könnun á vegum Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkurborgar til starfsmanna.

Tilgangur hennar var að gefa starfsmönnum tækifæri til að tjá sig og fá fram viðhorf þeirra.

Í niðurstöðum var reiknuð þáttaeinkunn fyrir hvern þátt á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög jákvæðar fyrir leikskólann Fífuborg. Helstu niðurstöður hennar eru þær að mikill meirihluti þeirra starfsmanna Fífuborgar sem tóku þátt í könnuninni eru ánægðir í starfi eða 4,58 af 5 mögulegum. Einnig telur mikill meirihluti þátttakenda að leikskólanum sé vel stjórnað (4,61) og að upplýsingaflæði mjög gott (4,22). Meirihluti svarenda telur starfsandann í Fífuborg vera mjög góðan eða 4,48 og samvinna góð (4,39). Það sama gildir um ímynd leikskólans en mikill meirihluti þátttakenda telur að ímynd leikskólans sé góð (4,72).

Starfsfólk er aftur á móti ekki eins ánægt með vinnuaðstöðu sína en þar er meðalskorið aðeins 3,17 af 5 mögulegum. Þetta er þáttur sem stjórnendur leikskólans geta því miður ekki haft mikil áhrif á þar sem hann snýst aðallega um fjármagn. Slæm vinnuaðstaða í tilfelli Fífuborgar felst helst í því að í leikskólanum eru mikil þrengsli, s.s. lítið vinnupláss, léleg aðstaða fyrir börn sem þurfa sérþjálfun vegna sérkennslu og einungis eitt starfsmannaklósett. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir til þess að bæta úr starfsmannaaðstöðu leikskólans. Starfsmannrýmið verður fært í viðbyggingu hans þar sem Ljósheimar eru í dag. Útbúið verður ný deild þar sem starfsmannaaðstaðan er núna. Verið er að leggja lokahönd á teikningar en ekki er komin dagsetning á hvenær framkvæmdir hefjast. Þessar framkvæmdir koma í framhaldi af því að Vinnueftirlitið gerði athugasemd við vinnu- og salernis aðstöðu starfsmanna í Fífuborg. Gámur með salernis og vinnuaðstöðu var settur niður við hliðina á leikskólanum til bráðabirgða. Einnig stendur til að bæta hljóðvistina á deildum leikskólans en ekki er komin dagsetning á hvenær þær framkvæmdir hefjast.

Við höldum því áfram á sömu braut og vonumst til að fljótlega verði gerðar úrbætur á starfsumhverfi Fífuborgar.

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru ekki fram í febrúar og mars 2020 eins og undanfarin ár vegna verkfalls Eflingarstarfsmanna og Covid-19. Á næsta skólaári munu þessi samtöl verða skipulögð að hausti, þ.e. í október og nóvember og svo aftur að vori í febrúar og mars. Samtölin eru boðuð með góðum fyrirvara og fara fram á skrifstofu leikskólastjóra. Tilgangur starfsþróunarsamtalanna er meðal annars að ræða óskir starfsmanna varðandi starfsþróun. Einnig er rætt um faglegt starf í leikskólanum og mikil áhersla er lögð á að ræða líðan starfsmanna, samstarf og vinnuaðstæður.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2019-2020:

Tímabil	Námskeið – fyrirlestrar
22.08.19	Kennum nýja færni. Námskeið á vegum Greiningarstöðvarinnar. Sérkennari.
03.09.19.	Á eigin skinni. Sölvi Tryggvason. Fræðslufyrirlestur á vegum Reykjavíkurborgar. Sérkennslustjóri.
16.09.19 – 08.01.20	Forystunám Reykjavíkurborgar. <u>Átta lotur</u> . Aðstoðarleikskólastjóri, (núverandi leikskólastjóri).
17.09.19.	Að stjórna jafningjum. Námskeið á vegum Þekkingarmiðlunar. Aðstoðarleikskólastjóri, (núverandi leikskólastjóri).
02.10.19.	Könnunaraðferð í starfi leikskólans. Kristín Hildur Ólafsdóttir frá SFS. Allir starfsmenn á skipulagsdegi.
07. – 09.10.19	Skipulögð kennsla. TEACCH. Námskeið á vegum Greiningarstöðvarinnar. Sérkennari.
09.10.19	Kynningafundur hjá Barnavernd í Gufunesi. Fyrirverandi leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, (núverandi leikskólastjóri).
14.10.19	Tras málþroskaskráning (réttindanám). Deildarstjóri.
30.10.19.	Fræðslufundur fyrir tengiliði fjölmennningar á vegum SFS. Sérkennslustjóri.
Okt. 2019 – maí 2020.	Handleiðsla fyrir deildarstjóra á vegum SFS. Deildarstjóri.
06.11.19.	Veikindaréttur, orlof, fæðingar- og foreldraorlof. Námskeið á vegum Reykjavíkurborgar. Aðstoðarleikskólastjóri, (núverandi leikskólastjóri).
21.11.19	Opinskátt um ofbeldi. Námskeið á vegum Reykjavíkurborgar. Sérkennslustjóri og deildarstjóri.
27.11.19	Vínátta fyrir yngri börn í leikskólanum á vegum Barnaheillar. Deildarstjóri.
28.11.19.	Verndarar barna. Blátt áfram, námskeið á vegum Barnaheilla. Fyrirverandi leikskólastjóri og sérkennslustjóri.
13.01.20	Námskeið í Vinnustund hjá Kjaradeild RVK. Leikskólastjóri.

28.01.20.	Skapandi leikskólastarf. Kynning á vegum leikskólans Lyngheima. Aðstoðarleikskólastjóri, (núverandi leikskólastjóri) og sérkennslustjóri.
31.01.20.	RannUng morgunverðarfundur. Faglegir leiðtogar í leikskólastarfi. Grand Hótel. Sérkennslustjóri og tveir deildarstjórar.
07. 02.20.	Leikskólaráðstefna á vegum SFS. Hilton. Allir starfsmenn.
07.02.20.	Skyndihjálparnámskeið á vegum Vinnuverndar. Allir starfsmenn.
Janúar – júní 20.	Lærdómssamfélag sérkennslustjóra á vegum MML, Reykjavíkurborg. Hist einu sinni í mánuði með hléi í mars, apríl og maí. Sérkennslustjóri.
Janúar – febrúar 20.	Lærdómssamfélag leikskólastjóra á vegum Nýsköpunarmiðju menntamála. Hist einu sinni í mánuði. Leikskólastjóri.
18. mars.	Vinátta fyrir yngri börn í leikskólanum á vegum Barnaheillar. Leikskólakennari.
22.05.20.	Widgit online vefvinnustofa á vegum SFS, Reykjavíkurborg. Sérkennslustjóri
25.05.20.	Útiöldun fyrir lengra komna á vegum, Út vil ég í Gufunesbæ. Leikskólakennari.
02.06.20	HLJÓM-2 námskeið á vegum Menntamálstofnunar. Þroskaþjálfari.
29.06.20	Qlick Sens námskeið. Reykjavíkurborg. Aðstoðarleikskólastjóri.

Skólaárið 2020 - 2021 stefnum við að því að fá fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum haustið 2020 um mál og læsi í leik og hlutverk starfsmanna í leik barna. Einnig stefnum við að því að fá fræðslu um staðalmyndir, félagsmótun og samskipti sem tengist framkvæmdaáætlun Fífaborgar fyrir skólaárið 2020 – 2021 í jafnréttisáætluninni. Þar að auki ætlum við að fá fræðslu um vináttuverkefni Barnaheilla. Starfsmenn Fífaborgar vilja einnig leggja meiri áherslu á að gera starfið með Ellu endurvinnsludúkkum sem fræðir börnin um umhverfismál sýnilegra. Grænfána-Lýðheilsuáhersla skólans tengist umhverfismenntuninni í tengslum við Ellu. Þetta viljum við gera með því að miðla og styrkja hvort annað í daglegu starfi innan starfshópsins og miðla upplýsingum á fundum/skipulagsdögum. Nýr aðstoðarleikskólastjóri stefnir að því að sækja stjórnunarnámskeið og forystunámskeið ef þau verða í boði á næsta starfsári. Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir, komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er.



9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Rimaskóla var með öðrum hætti en venjulega skólaárið 2019 – 2020 vegna verkfalls Eflingarstarfsmann og vegna Covid-19 en lítið var um fyrirhugaðar heimsóknir eftir jólin. Í maí fóru leikskólakennarar af Fífuborg með verðandi nemendur í Rimaskóla á kynningarfund án foreldra. Börnin fóru í kennslustofur og hittu tilvonandi kennara þeirra. Haustið 2019 var samráðsfundur með leikskólastjórnendum í Rimahverfi og skólastjóra Rimaskóla. Í kjölfarið fékk leikskólinn í hendurnar skipulag eða tímaáætlun á heimsóknum elstu barna í skólann. Ekki er komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár, þ.e. 2020 – 2021, en hún mun verða tilbúin í byrjun september. Gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og hún átti að vera síðast liðinn vetur:

- Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október 2020
- Danstími í Rimaskóla í október 2020
- Börn í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana í hverfinu í nóvember 2020
- Heimsókn barna í 4. bekk í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember 2020
- Föstudagsfjör í desember 2020
- Íþróttatími í Rimaskóla í desember 2020 og mars 2021
- Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars 2021
- Heimsókn í Frístund í október 2020 og apríl 2021
- Skoðunarferð um skólann í maí 2021
- Farið yfir niðurstöður úr HLJÓM – 2 á fundi með kennurum beggja skólastiga og forstöðumanni í Frístund í maí 2021

[Hér má finna Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla Rimahverfis um mál og læsi](#)

9.1 Samstarf leikskóla í Rimahverfi vegna elstu barna

Leikskólarnir þrír í Rimahverfi, Fífuborg, Lyngheimar og Laufskálar vinna sameiginlega að því að kynna barnahópa sína á elstu deildunum fyrir hver öðrum með það að markmiði að fleiri þekkist þegar grunnskólaganga hefst. Einn leikskóli er gestgjafi í einu og fær til sín barnahópana úr hinum leikskólunum tveimur. Gefið er tækifæri til frjálsra leikja og snædd er máltíð með léttum brag. Að tilheyra leikskólahóp er oft krefjandi verkefni og því áskorun að takast á við að tilheyra en stærri hóp þegar komið er í 1. bekk grunnskóla. Við viljum styðja börnin og stuðla að vináttu



þeirra leikskóla á milli. Við teljum aðferðir leikskólans þar sem leikurinn er í hávegum hafður tilvalinn leið til að styrkja tengsl þessara barna.

Ekkert varð úr því að hópurinn hittist skólaárið 2019 – 2020 vegna verkfalls Eflingarstarfsmanna og Covid-19 en stefnt er að því að halda þessu góða samstarfi áfram næsta vetur.

9.2 Samstarf við Korpúlfa

Í desember ár hvert fara elstu börnin í Fífuborg í Borgir (félagsmiðstöð eldri borgara sem kalla sig Korpúlfa) og syngja með eldri borgurum og kórnum þeirra og einnig hafa þau sýnt helgileik við mikinn fögnuð. Jóhann Helgason Korpúlfur kom í Fífuborg og æfði jólalögin með elstu börnunum okkar og spilaði undir á harmonikku.



Skólaárið 2020 – 2021 er ætlunin að fara í enn öflugra samstarf við Korpúlfa. Fyrirhugað er að hittast einu sinni í mánuði og syngja saman við undirleik harmonikkubands Korpúlfa sem kallar sig *Gleðidúettinn* og jafnvel taka létt dansspor á eftir. Gleðidúettinn mun spila góð íslensk lög og jafnvel útskýra texta og segja söguna á bak við þá. Við hlökkum mikið til þessa samstarfs kynslóða.

10 Foreldrasamvinna

Síðastliðið haust var reglum samkvæmt kosið í foreldraráð og foreldrafélag Fífuborgar. Við leikskólann starfar foreldraráð. Í því sitja fimm fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðilar um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Kosið var í foreldraráð á foreldrafundum í september 2019. Næst verður kosið á foreldrafundum í september 2020. Foreldraráðið hélt 2 fundi þetta skólaárið og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi á næsta skólaári.

Í Fífuborg er starfandi foreldrafélagið Fífan. Í stjórn þess sitja sjö fulltrúar foreldra. Foreldrafélagið sinnir ákveðnum verkefnum, skipuleggur uppákomur, s.s. sveitaferð og greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags. Undanfarin ár hefur stjórn foreldrafélags Fífuborgar staðið fyrir sveitaferð, tveimur leiksýningum, skemmtilegum jólasveini fyrir jólaballið og lúðrasveit fyrir þjóðhátíð Fífuborgar. Þetta árið greiddi foreldrafélagið fyrir tvær leiksýningar, þær voru *Pönnukakan hennar Grýlu* eftir Bernd Ogrodnik sem sýnd var í desember 2019 og *Söngvasyrpa* með Leikhópnum Lottu sem sýnd var á þjóðhátíð Fífuborgar í júní 2020. Hætt við sveitaferðina og

Lúðrasveitina fyrir þjóðhátíðina vegna Covid-19 en þess í stað fékk leikskólinn veglega leikfangagjöf frá foreldrafélaginu og þakkar starfsfólk Fífuborgar kærlega fyrir gjöfina.

Búið er að setja dagsetningar fyrir foreldrafundi á skóladagatal leikskólans og verða fundirnir að öllu óbreyttu 22. - 28. september 2020. Hulduheimar þann 22., Dvergheimar þann 23., Álfheimar þann 24. og Ljósheimar þann 28. september.

Foreldraviðtöl að hausti hefjast 2. nóvember 2020 og foreldraviðtöl að vori hefjast 8. mars 2021. Ljósheimar byrja á viðtölum, síðan Álfheimar, svo Dvergheimum og að síðustu Hulduheimar.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2020 – 2021:

- Mán. 05. október 2020. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Þri. 27. október 2020.
- Fös. 20. nóvember 2020.
- Fös. 05. febrúar 2021. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.
- Mið. 14. apríl 2021.
- Mán. 10. maí 2021. Sameiginlegur starfsdagur í Rimahverfi.

Leikskóladagatal Fífuborgar skólaárið 2020 – 2021:

Sjá fylgiskjal 2.



12 Fylgigögn

12.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

12.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

12.3 Fylgiskjal 3 – Matsgögn

12.4 Fylgiskjal 4 – Jafnréttisáætlun Fífuborgar.

Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021

F. h. leikskólans Fífuborgar

Helga Sigurðardóttir
Leikskólastjóri

20. september 2020
Dagsetning

Sigríður Sunna Hannesdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri



Starfsáætlun 2020 – 2021
Leikskólinn Fífuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Lilja Rún Sigurðardóttir
Sólveig Dögg Alfreðsdóttir
Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir
Natalie Marie Ouellette



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Fylgiskjal 2

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Nafn leikskóla: Leikskólinn Fífluborg

Leikskóladagatal 2020 - 2021

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. L	1. F	1. F	1. S	1. D	1. F	1. M	1. M	1. F	1. L	1. D	1. F
2. S	2. M	2. F	2. M	2. M	2. L	2. D	2. D	2. F	2. S	2. M	2. F
3. M	3. F	3. L	3. D	3. F	3. S	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. L
4. D	4. F	4. S	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. S	4. D	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. D	5. F	5. F	5. M	5. M	5. L	5. M
6. F	6. S	6. D	6. F	6. S	6. M	6. L	6. L	6. D	6. F	6. S	6. D
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. M	7. M
8. L	8. D	8. F	8. S	8. D	8. F	8. M	8. M	8. F	8. L	8. D	8. F
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. D	9. D	9. F	9. S	9. M	9. F
10. M	10. F	10. L	10. D	10. F	10. S	10. M	10. M	10. L	10. M	10. L	10. S
11. D	11. F	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. S	11. D	11. F	11. S
12. M	12. L	12. M	12. F	12. L	12. D	12. M	12. M	12. L	12. M	12. M	12. D
13. F	13. S	13. D	13. M	13. S	13. M	13. F	13. L	13. D	13. F	13. S	13. D
14. M	14. L	14. M	14. L	14. M	14. F	14. S	14. S	14. M	14. M	14. M	14. M
15. L	15. D	15. F	15. S	15. D	15. F	15. M	15. M	15. F	15. L	15. D	15. F
16. S	16. M	16. L	16. M	16. M	16. L	16. D	16. D	16. F	16. S	16. F	16. F
17. F	17. F	17. L	17. D	17. F	17. S	17. M	17. M	17. L	17. M	17. F	17. L
18. D	18. F	18. S	18. M	18. L	18. M	18. F	18. F	18. S	18. D	18. F	18. S
19. M	19. L	19. M	19. L	19. M	19. F	19. S	19. F	19. M	19. M	19. L	19. M
20. F	20. S	20. D	20. M	20. L	20. M	20. F	20. L	20. D	20. S	20. D	20. D
21. M	21. L	21. M	21. L	21. M	21. F	21. S	21. S	21. M	21. M	21. M	21. M
22. F	22. S	22. D	22. M	22. L	22. M	22. F	22. L	22. D	22. F	22. F	22. F
23. L	23. M	23. L	23. D	23. M	23. F	23. S	23. S	23. M	23. M	23. M	23. F
24. S	24. D	24. M	24. L	24. M	24. F	24. S	24. L	24. D	24. F	24. L	24. L
25. M	25. L	25. M	25. L	25. M	25. F	25. S	25. S	25. M	25. M	25. S	25. S
26. F	26. S	26. D	26. M	26. L	26. M	26. F	26. L	26. D	26. F	26. M	26. M
27. L	27. M	27. L	27. D	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. M	27. D	27. D
28. S	28. D	28. M	28. L	28. M	28. F	28. S	28. L	28. D	28. F	28. M	28. M
29. M	29. L	29. M	29. D	29. M	29. F	29. S	29. S	29. M	29. M	29. D	29. D
30. F	30. S	30. D	30. M	30. L	30. M	30. F	30. L	30. D	30. F	30. M	30. M
31. M	31. L	31. M	31. L	31. M	31. F	31. S	31. S	31. M	31. M	31. D	31. M

Fylgiskjal 3

Matsgögn

Endurmat deilda

Gátlisti, bætið við öllu sem ykkur dettur í hug.

Tíminn frá kl. 07.30-08.00.

Móttaka barna á deild.

Morgunverður.

Frjáls leikur.

Agi.

Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).

Leikföng að heiman.

Frágangur deildar.

Svæðin frammi – nýting.

Þema.

Tónlist.

Sögustundir.

Söngur, hvar, hvenær.

Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölván. Hvar, hvenær, hversu oft.

Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?

Hvert er hlutverk:

- Stjórnandans?
- Annarra starfsmanna?

Valstund á deild.

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?

Hver velur fyrstur.

Veðurfræðingur.

Hádegisverðartími.

Vinnubrögð starfsmanna.

Borðsiðir.

Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.



Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.

Snyrting.

Hlutverk starfsmanns.

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.

Hvíldarstund.

Skipting hópsins.

Framkvæmd.

Tíminn frá hvíld fram að vali.

Síðdegishressing.

Kaffitímar starfsfólks.

Samstarf deilda.

Sérkennsla.

Tíminn frá 15.30-16.00.

Frjáls leikur frá 16.00-17.00.

Að skila af sér börnum á Ljósheima (skiladeild).

Fataherbergi.

Frágangur.

Óskilaföt.

Verkaskipting/vaktaskema.

Þátttaka barna í daglegum störfum

Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?

Berum við virðingu fyrir vinalstund og öðrum samverustundum eða erum við að spjalla á meðan þær eru?

Samskipti við foreldra.

Upplýsingamiðlun.

Afmæli barnanna.

Gönguferðir.

Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.

Deildarfundir.

Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.

Skráningar.



Sameiginlegt endurmat

Móttakan

Hlutverk móttöku gagnvart börnunum

Virðum við markmið valsins eða viljum við stjórna vali barnanna?

Skráning.

Vald móttöku, loka svæðum, færa fólk til.

Önnur störf s.s. ýmis konar frágangur.

Af hverju myndast röð við valtöfluna? Hvað má senda börnin ört fram?

Öll svæði

Markmið svæða.

Hlutverk starfsmanns.

Hvað er boðið uppá á svæðinu.

Er boðið upp á allt, alltaf?

Fjöldi barna á svæðum.

Hvar eru börnunum sett mörk og hvernig? T.d. ef barni er vísað af svæði leysir það þá vandann eða situr næsti starfsmaður uppi með hann?

Frágangur.

Að klára valtimann. Hvað er hægt að gera með börnunum? Hvað gerum við?

Samkvæmt markmiðum okkar á barnið að fá tækifæri að velja sér verkefni sjálf? Hvað ef barnið velur alltaf með einhverjum eða velur alltaf sama svæðið? Hvað gerum við?

Útivera

Hjól, snjóþotur.

Yfirsýn.

Stöndum við í hnapp og kjöftum?

Fínhreyfingar

Laut

Einingakubbar

Kubbasvæði

Tilraunir

Vinastund

Gönguferðadagar



Fylgiskjal 4

Jafnréttisáætlun Fífaborgar

[Hér má finna jafnréttisáætlun Fífaborgar](#)

Framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021

Starfsfólk

Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að efla kynjafræði-þekkingu starfsfólks.	Að halda námskeið á starfsdögum, t.d. fyrirlestur um kynjafræði frá fagaðila sem m.a. gæti kynnt ýmiss ný hugtök fyrir starfsfólki.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur skólans.	Annað hvert ár. Næst 2019 – 2020.

Nemendur

Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífinu.	Að vera meðvituð um að allt leikefni sé fjölbreytt, henti mismunandi áhugasviði og sé ekki kynbundið. Jafna framsetningu á leikefni og grípa áhuga barnanna. Hafa fjölbreytni í bókavali og fara reglulega yfir bækur leikskólans og skoða þær með kynjagleraugum.	Allir. Endanleg ábyrgð deildastjóranna.	Alltaf. Áhersla 2019 – 2020





Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla ber foreldraráði að veita starfsáætlun leikskóla umsögn sína, sem gefin skal út árlega og lögð er fyrir skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar til samþykktar. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans, sbr. 2. mgr. 14. gr. fyrrgreindra laga.

Stjórnarmenn foreldraráðs Fífaborgar hafa lesið drög að starfsáætlun 2020-2021 fyrir leikskólann og telja hana fagmannlega unna og skýra. Vill ráðið minnst á nokkur atriði starfsáætlunarinnar sem vakti sérstaka athygli stjórnarinnar.

Fyrst og fremst langar foreldraráði að hrósa seiglu starfsfólks og stjórnenda við að halda uppi faglegu starfi í leikskólanum við þær erfiðu aðstæður sem sköpuðust vegna covid19, verkfalls Eflingar og framkvæmda á húsnæði leikskólans. Þrátt fyrir álag og streitu sem eflaust skapaðist af þessum aðstæðum mátti ekki annað merkja en jákvæðni og yfirvegun hjá starfsfólki. Sú jákvæðni sem starfsfólk hefur viðhaldið og tileinkað sér í heimsfaraldri og verkfalli kemur einnig fram í starfsáætlunninni. Þar eru tilgreindar jákvæðar hliðar ástandsins s.s. að við það að hafa færri börn á leikskólanum hafi dregið úr hegðunarvankvæðum, að hvert og eitt barn hafi fengið aukinn tíma og athygli starfsmanna og að mörg börn hafi notið sín vel í því umhverfi.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með innleiðingu könnunaraðferðarinnar og þeirri færni starfsfólks að tileinka sér nýja þekkingu og beita henni í faglegum vinnubrögðum. Við vonumst til að starfsfólk fái svigrúm til að þróa aðferðina enn frekar inn í starfið.

Ánægjulegar eru niðurstöður ytra mats Reykjavíkurborgar er varðar starfsemi leikskólans og starfsánægju meðal starfsfólks. Þá styður foreldraráðið að farið verði í endurbætur á starfsmannaaðstöðu leikskólans en samkvæmt niðurstöðu ytra mats var vinnuaðstöðu starfsfólks ábótavant.

Foreldraráðið lýsir ánægju sinni með Erasmus-samstarf leikskólans við kennaraskóla í Þýskalandi. Fróðlegt og gagnlegt er fyrir börnin sem og aðra starfsmenn, að kynnast erlendum kennaranemum og læra eitthvað nýtt af þeim. Eins og fram kemur í starfsáætluninni er fyrirhugað áframhaldandi samstarf en nú við annan kennaraskóla í Þýskalandi.

Sérstaklega ber að fagna því að leikskólinn Fífuborg fékk alþjóðlega viðurkenningu Skóla á grænni grein og grænfánann afhentan í fjórða sinn þann 17. janúar síðastliðinn. Þá hlaut leikskólinn einnig hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir verkefnið Umhverfismennt – Ella endurvinnsludúkka. Endurspeglar verðlaunin tvímælalaust það frábæra starf sem unnið er í Fífuborg á sviði umhverfismenntar.

Varðandi endurmat á starfsemi leikskólans þá fagnar foreldraráðið því mjög að börnin fái sjálf að koma að endurmati á nokkrum þáttum starfsins. Hefur það tvímælalaust hvetjandi áhrif ef á raddir barnanna er hlustað og stuðlar að góðri líðan þeirra í leikskólanum.

Að lokum vill foreldraráðið lýsa mikilli ánægju sinni með þá þætti starfsins sem lúta að lýðheilsu og að áfram muni verða lögð áhersla á það atriði í starfi leikskólans.

Lilja Rún Sigurðardóttir formaður

Sólveig Dögg Alfreðsdóttir varaformaður

Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir ritari

Natalie Marie Ouellette meðstjórnandi

Anna María Eiríksdóttir meðstjórnandi

Fríða Kristín Hannesdóttir meðstjórnandi